

Föstudaginn 22. marz 1946.

Nr. 140/1945. Réttvísing og valdstjórnin

(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

gegn

Hinrik Ragnarssyni (Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Refsing og fébætur vegna líkamsárásar.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta refsiaðkvæði hans.

Helgi Þórðarson, er ákærði veitti áverkann, kveður sig hafa verið óvinnufæran vegna meiðslanna frá 2. til 26. janar 1945. Sveinn læknir Pétursson, er Helgi leitaði lækni-hjálpar til, kveðst hafa bannað honum að vinna fram til 5. febrúar 1945. Samkvæmt þessu þykir kröfu Helga um bætur fyrir atvinnutjón, kr. 1175.68, vera í hóf stillt, og verður hún því tekin til greina. Þá hefur Sveinn læknir Pétursson skýrt svo frá, að kostnaður Helga vegna lækninga nemi kr. 300.00, og ber því einnig að dæma Helga þá fjárhæð. Loks þykja bætur til Helga vegna þjáninga og óþæginda hæfilega ákveðnar í héraðsdómi kr. 1000.00.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutingslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 550.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hinrik Ragnarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 550.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 23. ágúst 1945.

Ár 1945, fimmtudaginn 23. ágúst, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadóma-ara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2104/1945: Réttvísing og vald-stjórnin gegn Hinrik Ragnarssyni, sem tekið var til dóms 23. ágúst 1945.

Mál þetta er að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins höfðað gegn Hinrik Ragnarssyni bifreiðarstjóra, til heimilis að Litla-Haga hér í bæ, til refsingar, greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Í rannsókn málsins upplýstist áfengislagabrot ákærða, og er málið því einnig höfðað gegn honum fyrir brot á áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. nóvem-ber 1920 á Sandi í Snæfellsnessýslu, og hefur sætt eftirtöldum kær-um og refsingum, svo að kunnugt sé:

1936 1% Sátt í Siglufirði, 30 kr. sekt fyrir götuóspektir.

1938 3% Áminning í Reykjavík, utan réttar, fyrir óspektir.

1942 1/2 Sátt í Reykjavík, 20 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.

1943 7/12 Sátt í Reykjavík, 20 kr. sekt fyrir brot gegn reglum um einstefnuakstur.

1945 1% Sátt í Reykjavík, 30 kr. sekt fyrir akstur bifreiðar án afturljóss og með of marga farþega í framsæti bifreiðar.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Síðastliðið gamlárskvöld var haldinn dansleikur í Alþýðuhúsuinu við Hverfisgötu. Var ákærði á dansleik þessum ásamt konu sinni, Jónu Margréti Árnadóttur, Haraldi Guðmundssyni skipa-smið, Vesturgötu 30, og konu hans, Guðbjörgu Aðalsteinsdóttur. Engar vínveitingar voru á dansleik þessum, en Haraldur Guðmundsson hafði meðferðis þangað einn pela af áfengi, sem þeir ákærði og hann drukku á dansleiknum, en konur þeirra neyttu þar einskis vins, eftir því sem þær og Haraldur hafa borið, en ákærði kveður þau öll hafa drukkið áfengi, sem hann segir hafa verið eina flösku af brennivíni.

Á dansleiknum var einnig Helgi Ólafur Hafsteinn Þórðarson verkamaður, til heimilis að Bergstaðastræti 50 B hér í bæ. Sat hann við borð í efri veitingasalnum, en ákærði í þeim neðri. Kveðst Helgi hafa neytt áfengis, áður en hann fór á dansleikinn, og fundið til áhrifa þess þar, en ekki verið ölvaður. Hvorki kveðst hann hafa haft áfengi með sér á dansleikinn né neytt þess þar. Milli klukkan 1 og 2 um nóttina var hann einn síns liðs á gangi í neðri veitingasalnum og ætlaði að ganga fram hjá borði því, er ákærði sat við, en þar sem mikil mannþröng var þarna, rakst hann óvart

á öxl ákærða, sem stóð þegar upp frá borði sinu og sló til Helga, en missti marks. Afsakaði Helgi sig, það ákærða vera rólegan og ætlaði að ganga burtu, en í því sló ákærði hann með krepptum hnefa högg mikið á vinstra auga. Við högg þetta féll Helgi um stól og lenti með vinstra auga á borðshorni og missi meðvitund. Raknaði hann aftur við frammi í snyrtiherbergi, og var húsvörðurinn, Haraldur Sigurðsson, þá að þvo honum um augað, en sprungið hafði fyrir á því og blæddi úr. Við svo búið fór Helgi heim til sín.

Ákærði skýrði svo frá málavöxtum, að klukkan tæplega 12 um kvöldið hafi Helgi gengið framhjá borði hans. Guðbjörg Aðalsteinsdóttir, kona Haralds Guðmundssonar, hafði þá verið nýstaðin upp frá borðinu og ætlaði að fara að dansa við einhvern mann, sem ákærði veit eigi, hver er. Um leið og Helgi fór fram hjá borðinu, hafi hann hrint Guðbjörgu, svo að hún féll við á Þórarin Hjartarson, sem sat um þessar mundir við borð ákærða, en Helgi hafi ekki rekizt á öxl sína. Stóð ákærði nú upp, gekk til Helga og spurði, hvers konar umgengni væri í honum. Helgi svaraði engu, en tók allharkalega í hálsmál ákærða, sem sleit sig lausan, þar sem hann er með barkaskurð og þolir ekki, að harkalega sé komið við háls hans. Við þetta féll Helgi, og lenti augabrún hans á stól eða borði, en fyrrgreindur Þórarinn reisti hann upp. Rétt í þessu kom húsvörðurinn og fór burt með Helga. Kveður ákærði Helga hafa verið mjög ölvaðan á dansleiknum, en sjálfur hafi hann aðeins fundið til áfengisáhrifa.

Vitnið Guðbjörg Aðalsteinsdóttir húsfreyja, Vesturgötu 30, hefur borið, að milli kl. 1 og 2 um nóttina hafi það staðið upp frá borði því, er það sat við og ætlað fram í snyrtiherbergi, en ekki að dansa, enda hafi enginn maður boðið því í dans á þessari stundu. Mikil þrengsli voru kringum borðið, og straukst eða rakst mjög ölvaður maður, sem ruddist áfram milli borðanna, á vitnið, og hefur margnefndur Helgi Þórðarson viðurkennt, að vel geti verið, að hann hafi strokizt við vitnið, þegar hann fór fram hjá borðinu. Vitnið veitti þessu enga eftirtekt, en leyfði manningum að komast fram hjá sér og hélt svo áfram fram í snyrtiherbergið. En þegar vitnið var komið nokkur skref í áttina að dyrum snyrtiherbergisins, heyrði það hávaða og leit við. Sá það þá, að ákærði var eins og hálfpartinn ofan á manni þeim, er rakst á vitnið, og voru þeir að standa upp. Þegar mennirnir voru staðnir upp, kom húsvörðurinn til þeirra. Vitnið kveður það rangt, að því hafi legið við falli, er Helgi Þórðarson rakst á það, og einnig kveður það rangt, að fyrrgreindur Þórarinn Hjartarson hafi tekið í það og varið það falli, og ekki kveðst það hafa fallið utan í Þórarin.

Haraldur Guðmundsson skipasmiður, Vesturgötu 30, skýrir svo frá, að mikil þrengsli hafi verið á dansleiknum og í sal þeim, er

borð þeirra félaga stóð í. Ekki kveðst hann hafa séð vin á ákærða.

Klukkan 1—2 um nóttina sá Haraldur, hvar Helgi Þórðarson ruddist áberandi ölvaður milli borða. Þegar Helgi fór fram hjá borði ákærða og Haralds, stóð kona hans upp og ætlaði að ganga eitthvað frá, en hrökklaðist undan honum. Ekki sá Haraldur hann falla eða hrökklast utan í Þórarin Hjartarson. Stóð ákærði þá upp, og áttu þeir Helgi einhver orðaskipti saman, en tókust svo litlu síðar á og dattu í gólfið. Ekki tók Haraldur vel eftir handalögmáli þeirra Helga Þórðarsonar og ákærða, þar sem þau gerðust í einni svipan og mikil mannþröng var þarna, enda var Haraldur einnig að reyna að koma í veg fyrir, að borð þeirra félaga ylti um koll.

Vitnið Jóna Margrét Árnadóttir húsfreyja, Litla-Haga, sem gift er ákærða, hefur borið það, að bæði ákærði og Haraldur Guðmundsson hafi verið búnir að neyta áfengis, áður en þeir fóru á dansleikinn, og einnig hafi þeir neytt þess þar. Það kveður ákærða hafa verið talsvert undir áhrifum áfengis og Harald Guðmundsson talsvert mikið. Vitnið sá, þegar Helgi Þórðarson eins og ruddist mjög ölvaður á milli borða einhvern tíma milli kl. 1 og 2 um nóttina, en mjög mikil þrængslu voru á dansleiknum og sérstaklega í kringum borð ákærða og Haralds Guðmundssonar. Þegar margnefndur Helgi fór fram hjá borði því, er vitnið sat við, rakst hann á Guðbjörgu Aðalsteinsdóttur, konu Haralds Guðmundssonar, en hún var nýstaðinn upp. Ekki sá vitnið hana hrasa eða detta utan í Þórarin Hjartarson, sem sat um þessar mundir við borðið. Strax eftir að Helgi rakst á Guðbjörgu, stóð ákærði upp frá borðinu og talaði eitthvað við Helga, sem tók þá í jakkaboðang hans. En þá hrinti ákærði honum, svo að hann féll um stól og skall á borðsrönd. Í þessum svifum kom húsvörðurinn, og gekk Helgi burt með honum. Vitnið kveður vinstra auga Helga hafa marizt talsvert og bólgað upp, en ekkert hafi blætt úr því.

Vitnið Þórarinn Hjartarson sjómaður, Bergþórugötu 8, skýrir svo frá, að það hafi sezt við borð ákærða einhvertímann umrædda nótt, en ákærði og það eru kunningjar. Meðan vitnið sat við borðið, stóð kona Haralds Guðmundssonar upp frá því og gekk í burtu í þeim tilgangi að fara að dansa, að því er vitnið telur, þó að það hafi ekki séð nokkurn mann bjóða henni í dans á þessari stundu. Rétt eftir að hún var staðin upp frá borðinu, varð vitnið vart við, að hún kom við öxl þess, en þó ekki fast. Í þessum svifum stóð ákærði upp frá borðinu og spurði mann nokkurn, sem stóð fyrir aftan vitnið, „hvaða kurteisi það væri að hrinda kvenfólki.“ Maður þessi greip þá, án þess að segja nokkurt orð, um hálsmál ákærða og hélt honum upp að vegg. Ákærði annað

hvort sló mann þenna eða reif sig lausan. Féll maðurinn þá aftur yfir sig og kom höfuð hans hvorki við stól né borð, en ákærði stóð kyrr. Hjálpaði vitnið manninum að standa upp, en í þeim svifum bar húsvörðinn að, og fór hann burt með manninn, sem fengið hafði glóðarauga mjög bólgið.

Vitnið Haraldur Sigurðsson umsjónarmaður, Háteigsveg 26, hefur skýrt svo frá og unnið eið að framburði sínum, að það hafi séð, er margnefndur Helgi Þórðarson gekk nokkuð hratt fram hjá borði ákærða og rakst litils háttar á einhverja konu, en hún hafi hvorki dottið utan í borðið né á mann, er við það sat. Stóð ákærði nú upp frá borði sínu og sló Helga Þórðarson með krepptum hnefa í andlitið, svo að hann féll með andlitið á borðsrönd og niður á gólf. Hjálpaði vitnið Helga svo fram í snyrtiherbergið, en einhver maður hafði hjálpað honum til að risa upp á hnén. Kveður vitnið Helga hafa hlotið talsverðan áverka af högginu og hafi annað augað bólгнаð upp. Bæði ákærða og Helga kveður vitnið hafa verið undir áfengisáhrifum, en ekki áberandi ölvaða.

Bjarni Bjarnason læknir skoðaði Helga Þórðarson 4. janúar s. l., og hefur hann gefið vottorð þess efnis, að Helgi hafi verið með glóðarauga vinstra megin og augað sjálft blóðhlaupið.

Sveinn Pétursson augnlæknir skoðaði Helga Þórðarson 9. jan. s. l. og hefur gefið eftirfarandi vottorð um áverkann: „Helgi Þórðarson varð fyrir höggi 31. des. 1944, svo að hann fékk áverka á vinstra auga. Skoðaður af mér 9. jan. 1945. Þá sjást eftirstöðvar af mari neðan við augað og á auganu sjálfu.

Sést blæðing utanvert við sjáaldur og smáblæðingar innan í auganu, sem gerir það að verkum, að sjón er ofurlítið minnkuð. Þetta virðist ætla að lagast alveg, en ekki hægt að segja, á hve löngum tíma. Hef bannað sjúklingnum að vinna fyrst um sinn.“

Helgi Ólafur Hafsteinn Þórðarson kveðst hafa hlotið allmikinn áverka, vinstra augað hafi bólгнаð mjög mikið og sjón daprazt. Átti hann í þessu frá 2. til 26. jan. s. l., að báðum dögum meðtöldum, og varð á þeim tíma að ganga til Sveins Péturssonar augnlæknis. Bannaði læknirinn honum að vinna þann tíma.

Eins og atvikum er lýst hér að framan, þykir sannað, að ákærði Hinrik Ragnarsson hafi veitt Helga Þórðarsyni framangreindan áverka, og hefur hann með því atferli sínu brotið gegn 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Með eigin játningu ákærða og framburði vitna er sannað, að ákærði hafi neytt áfengis á opinberum dansleik, og hefur hann því brotið gegn 1. mgr. 17. gr. sbr. 1. mgr. 37. gr. áfengislaga nr. 33 9. jan. 1935.

Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga.

Helgi Ólafur Hafsteinn Þórðarson hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér kr. 2475.68 í skaðabætur, og hefur hann sundurliðað kröfu sína þannig:

a. Bætur fyrir atvinnutjón	kr. 1175.68
b. Lækniskostnaður	— 300.00
c. Bætur vegna óþæginda og leiðinda	— 1000.00

Vaxta hefur eigi verið krafizt.

Kr. 2475.68

Verður eigi séð, að upphæð þessi sé óeðlilega há, og verður því að taka hana að öllu leyti til greina og dæma ákærða til greiðslu þessarar upphæðar.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Máli Haralds Guðmundssonar skipasmiðs, Vesturgötu 30, hefur verið lokið sérstaklega með réttarsátt.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði, Hinrik Ragnarsson, sæti fangelsi 30 daga.

Hann greiði Helga Ólafi Hafsteini Þórðarsyni kr. 2475.68 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 22. marz 1946.

Nr. 80/1945. **Oliuverzlun Íslands h/f**

(Hrl. Theódór B. Lindal).

gegn

Hreppsnefnd Blönduósshrepps f. h. hreppsins

(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

Ómerking máls og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Stefndi krafðist þess í bréfi til fógeta 22. marz 1945, að lögtak yrði gert í eignum áfrýjanda á Blönduósi til heimtu útsvars, að fjárhæð kr. 900.00, er lagt var á áfrýjanda í Blönduóshreppi vorið 1944.

Hinn 11. júní 1945 byrjaði fógeti framkvæmd lögtaksgerðarinnar. Kom gerðarbeiðandi ekki á það dómþing og enginn af hans hálfu, en af hendi áfrýjanda kom umboðsmaður hans á Blönduósi fyrir fógeta og andmælti fram-